

um frv. til laga um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Frumvarpi þessu var vísað til iðnaðarnefndar 1. þ. m., og var það tekið til umræðu á fundi nefndarinnar þann sama dag. Undirritaðir nefndarmenn lögðu þar til, að frv. yrði sent bankamálanefndinni, sem ríkisstjórnin hefur skipað og nú er að störfum, og til Landsbanka Íslands, til að leita álits þeirra aðila um málið. Á þetta vildi meiri hluti nefndarinnar ekki fallast, en samþykkti að mæla með frv., með smávægilegum breytingum, án frekari athugunar. En minni hlutinn sendi bankamálanefndinni og bönkunum frumvarpið til umsagnar. Hafa nú horizt svör þessara aðila, og eru þau prentuð sem fylgiskjöl með þessu nefndaráliti.

Þegar fram koma tillögur um stofnun nýs banka og nokkurt ríkisframlag til hans, er ástæða til að virða fyrir sér ástand peningamála í landinu, íhuga þörfina fyrir nýja bankastofnun og hvert gagn mætti að henni verða fyrir einstakar greinar atvinnulífsins eða þjóðina í heild. Eftir þeim niðurstöðum, sem komizt verður að við gaumgæfilega athugun þessara mála, ætti að marka afstöðuna til þeirra tillagna, sem fyrir liggja. Kemur hér m. a. til athugunar, hvort þær peningastofnanir, sem fyrir eru í landinu, geti annað þeim verkefnum, sem slíkar stofnanir eiga að sinna. Fjöldi banka og sparisjóða þarf að miðast við þarfir atvinnu- og viðskiptalífsins. Sé vöntun á peningabúðum, getur það staðið heilbrigðum atvinnurekstri fyrir þrifun, en séu þær fleiri en þörf krefur, er með því lagður óþarfur skattur á viðskiptamenn peningastofnananna.

Mjög er nú um það rætt, að lánsfé skorti til ýmissa framkvæmda og atvinnurekstrar. Fjármagn vantar til bygginga, rafvirkjunarframkvæmda, stofnunar atvinnufyrirtækja o. fl., og munu því margir mæla, að fremur vanti nú peninga en fleiri stofnanir til að annast peningaviðskipti. Og ekki verður séð, að bætt verði úr lánsfjárskortinum að sinni með samþykkt þessa frv. um stofnun nýs banka.

Fyrir skömmu var frá því skýrt í skýrslu frá Landsbanka Íslands, að bankarnir hefðu samtals um 80 millj. kr. í útlánum hjá iðnaðinum. Þar með voru þó ekki talin lán til sildarverksmiðja, fiskimjólverksmiðja, hraðfrystihúsa og annarra iðnfyrirtækja sjávarútvegsins. En auk bankanna þriggja, sem hafa aðalstöðvar sínar í Reykjavík, er þar starfandi sparisjóður, sem nefnist Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis. Aðalstofnendur hans voru iðnaðarmenn í borginni, og forgöngumenn í iðnaðarmálum eru áhrifamenn í stjórn sjóðsins. Má því gera ráð fyrir, að sparisjóðurinn hafi að einhverju leyti bætt úr lánaþörf iðnaðarins, en innlánsfé hans var um síðustu áramót rúml. 20 millj. króna. Það er fyrirsjáanlegt, að þó að iðnaðarbankinn verði nú stofnaður, mun hann fyrst um sinn ekki geta veitt svipað því eins mikið lánsfé til iðnaðarins og bankarnir gera nú. Gæti þá svo farið, að iðnaðurinn væri sízt betur settur en nú um öflun lánsfjár, ef dregið yrði að mun úr lánveitingum hinna bankanna til hans, eftir að iðnaðarbankinn væri stofnaður.

Í umræðum um þetta mál er því m. a. haldið fram, að iðnaðurinn þurfi að hafa sérstaka bankastofnun eins og sjávarútvegur og landbúnaður. Við þetta er það að athuga, að þó að hér séu til bankar, sem nefnist Útvegsbanki og Búnaðarbanki, er starfsemi þeirra alls ekki einskorðuð við sjávarútveg og landbúnað. Í lögum um Útvegsbanka Íslands h/f er svo ákveðið um verksvið hans, að hann skuli styðja sjávarútveg, iðnað og verzlun landsmanna, og mun starfsemi bankans ætíð hafa verið miðuð við þetta. Útvegsbankinn er því ekki sérstofnun fyrir sjávarútveginn, eins og nafn hans bendir til, heldur er hann jafnframt iðnaðar- og verzlunarbanki. Og um Búnaðarbankann er það að segja, að starfsemi hans er alls ekki einskorðuð við landbúnaðinn. Hér eru því ekki til bankastofnanir, sem eingöngu skipta við sjávarútveg og landbúnað. Um Landsbankann er það kunnugt, að hann lánar jöfnum höndum fé til sjávarútvegs, iðnaðar og verzlunar. Aðstaða iðnaðarins til öflunar rekstarlána er því svipuð og annarra atvinnuvega. En þörf iðnaðarins fyrir meira fé til stofnlána væri hægt að mæla, ef fjármagn til þess væri fánlegt, án þess að stofna nýjan banka, t. d. með eflingu iðnlánasjóðsins.

Félög iðnaðarmanna hafa horið fram kröfur um stofnun iðnaðarbankans. Minni hluti iðnaðarnefndar lítur svo á, að skylt sé að athuga mál þetta sem vandlegast, og ef sú athugun sýnir, að stofnun bankans sé þörf og gagnleg ráðstöfun til eflingar iðnaðinum, sé rétt að stíga það skref. En eins og áður er að vikið, vinnur nú stjórnskipuð nefnd að athugun bankamála, og hefur hún m. a. það verkefni að gera tillögur um fyrirkomulag lánveitinga til atvinnuveganna, þ. á m. iðnaðarins. Minni hl. telur því sjálfsagt að fresta ákvörðun um stofnun iðnaðarbankans þar til bankamálanefndin hefur skilað áliti um þessi mál. Verður ekki heldur séð, að sú frestun

á afgreiðslu málsins valdi iðnaðinum tjóni, þar sem sú fjárhæð, sem frv. gerir ráð fyrir að ríkið leggi til bankans mun verða lögð fram til iðnaðarlána þegar á þessu ári, eins fyrir því þó að nýr banki verði ekki stofnaður að svo stöddu.

Það er því tillaga minni hlutans, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að stjórnskipuð nefnd vinnur nú að athugun bankamálanna og hefur m. a. það verkefni að gera tillögur um lánveitingar til iðnaðarins, telur deildin rétt að fresta ákvörðun um það, hvort stofna skuli sérstakan iðnaðarbanka, þar til álit og tillögur bankamálanefndarinnar liggja fyrir, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. nóv. 1951.

Skúli Guðmundsson, Andrés Eyjólfsson,
frsm. fundaskr.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 2. nóvember 1951.

Til minni hluta iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

Hr. Skúli Guðmundsson, alþingismaður.

Bankamálanefnd hefur mótttekið bréf yðar, dags. 1. þ. m. Bréfið hefur verið rætt á tveim fundum nefndarinnar og þar samþykkt að svara því á þann hátt, sem hér fer á eftir:

Annað aðalverkefni bankamálanefndar er: „að gera athugun og tillögur um myndun lánsstofnunar, er veiti fé til fjárfestingar í sambandi við atvinnuvegina“. Í fyrstu grein frumvarpsins um Iðnaðarbanka Íslands h/f segir, að bankinn skuli sérstaklega hafa að markmiði að styðja verksmiðjuíðnað og handið í landinu. Bankanum virðist því ætlað að lána fé til hinna ýmsu þarfa iðnaðarins, þ. e. bæði til rekstrar og fjárfestingar. Nefndin er þeirrar skoðunar, meðal annars af þessari ástæðu, að frumvarpið um Iðnaðarbanka Íslands h/f fjalli um mál, sem er innan verk sviðs nefndarinnar.

Þetta sjónarmið kemur enn skýrar fram í bréfi frá samtökum iðnaðarins (F. Í. I. og L. I.) til bankamálanefndar, dags. 19. sept. 1951. Bréfið hefur verið birt í „Íslenskum iðnaði“. Segir svo í niðurstöðum bréfsins: „Þau (samtök iðnaðarins) geta ekki að svo komnu, mælt með myndun sérstakrar lánsstofnunar, er hafi það viðfangsefni að veita fé til fjárfestingar í sambandi við alla atvinnuvegina“. Með frumvarpinu um Iðnaðarbanka Íslands á því að leysa verkefni, sem bankamálanefndinni hefur verið falið að undirbúa.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, álitur nefndin ekki heppilegt eða tímabært, að Alþingi samþykki frumvarp um stofnun Iðnaðarbanka, áður nefndin hefur skilað álit. Nefndin er þeirrar skoðunar, að afgreiðslu málsins á Alþingi beri því að fresta, enda mundi slíkt vera í samræmi við rökstudda dagskrá, sem fram var borin í fyrra, en með henni var meðferð málsins lokið að því sinni.

Virðingarfyllt,
f. h. bankamálanefndar.
Benjamín Eiríksson.

Fylgiskjal II.

LANDSBANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 7. nóvember 1951.

Með bréfi, dags. 2. þ. m., sendi minni hluti hæstvirtrar iðnaðarnefndar neðri deildar Alþingis oss til umsagnar frumvarp til laga um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f á þingskjali 137.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir, að aðalhlutverk bankans verði að styðja verksmiðjuíðnað og handiðn í landinu. Stofnfé bankans skal samkvæmt frumvarpinu nema allt að 6 millj. króna.

Það verður ekki séð af nefndu frumvarpi, hvaðan fyrirhuguðum banka er ætlað að fá viðbótarfé til útlána til iðnaðar. Er ósennilegt, að forgöngumenn þessa máls telji líklegt, að einar 6 millj. króna geti orðið að verulegu liði.

Ef nýjum banka tekst að ná inn verulegri fjárhæð í nýju sparifé, mundi það fé að sjálfsögðu koma að miklum notum fyrir viðskiptalífið og þá væntanlega sérstaklega fyrir iðnaðinn, en eins og sakir standa nú er því miður ekkert sem bendir til þess, að slíkir möguleikar séu fyrir hendi. Hins vegar er ekki loku fyrir það skotið, að nýr banki gæti aflað nokkurs sparifjár, sem tekið yrði úr öðrum lánsstofnunum, en slíkt mundi að sjálfsögðu þýða það, að hinar sömu stofnanir yrðu að daga úr útlánnum sínum að sama skapi sem sparifé þeirra minnkar.

Höfuðröksemdir forgöngumanna málsins eru þær, að iðnaðurinn sé afskiptur að lánsfé miðað við aðra atvinnuvegi. Um slíkt má deila, en erfitt mun að færa fram sönnur fyrir því.

Forgöngumenn iðnaðarmála hér í Reykjavík stofnuðu árið 1932 Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis. Þessi stofnun hefur nú yfir 20 millj. króna sparifé, og er ekki ólíklegt, að eitthvað af útlánnum sparisjóðsins sé til iðnaðar, eða geti orðið varið til þess, þegar á það er litið, hverjir stóðu að stofnun sparisjóðsins.

Einnig má benda á, að ef ríkissjóður eða aðrir aðilar hafa nýtt fé fram að leggja, þá virðist liggja beinast við, að slíkt fé renni í Iðnlánasjóð Íslands.

Vér leggjum eindregið gegn því, að umrætt frumvarp verði samþykkt á þessu þingi. Nú stendur yfir endurskoðun á bankakerfi landsins — m. a. ráðagerð um að stofna nýjan fasteignabanka. Virðist því algerlega ótímabært að setja á stofn nýjan banka áður en slík athugun hefur farið fram, og það því fremur sem litlar líkur benda til, að sá banki gæti annað því hlutverki, sem forgöngumenn málsins ætlast til, eins og lauslega er bent á hér að framan.

Vér höfum rætt mál þetta við bankastjóra Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, og hafa þeir tjáð sig samþykka umsögn vorri.

Virðingarfyllt,

Landsbanki Íslands.

Jón Árnason.

Jón G. Mariasson.

Gunnar Viðar.